

Fundargerð fulltrúaráðs

70. fundur fulltrúaráðs Brunavarna Árnassýslu (BÁ) haldinn þriðjudaginn 18. nóvember, 2008 kl. 12.00 í Kaffi Krús (Fundarherbergi)

**Mættir: Margrét K. Erlingsdóttir, Ari Björn Thorarensen, Snæbjörn
Sigurðsson, Ingvar G. Ingvarsson, Margrét Sigurðardóttir og Ólafur Leifsson**

Einnig mætti á fundinn:

**Sigurður Sigurjónsson, lögmaður, Snorri Baldursson, varaslökkviliðsstjóri og
Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri sem ritaði fundargerð.**

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 12.05

Efni fundarins var eftirfarandi:

1. Húsnæðismál (Björgunarmiðstöðin)

Margrét fór yfir störf fulltrúa BÁ (Margrét, Sigurður, Kristján) frá því samþykkt var gerð um ferli riftunar leigusamnings við Byggingarfélag Björgunarsveitar Árborgar. (BBÁ)

Fram kom að þrjú fundir voru haldnir með fulltrúum BBÁ ásamt Magnúsi Skúlasyni framkv.st. Hsu. Á þeim fundum upplýstu fulltrúar BBÁ að fjárhagsstaða félagsins væri mjög slæm og sýnt að leigutekjur næðu ekki að greiða niður þau lán sem þegar væru fengin vegna byggingu hússins. Miðað við þessa stöðu væri ljóst að félagið næði ekki að uppfylla ákvæði samnings um ástand eignarinnar fyrir leigu.

Í framhaldi af þessum fundum var lögmanni falið að leita eftir upplýsingum frá Glitni-banka þess efnis að þeir, sem eigendur þess fjármagns sem sett hefur verið í bygging hússins, staðfestu leigusamning BÁ og Hsu þannig að ekki kæmi til riftunar samnings ef bankinn leysti eignina til sín eða önnur úrræði kæmu til sem settu samninga í uppnám.

Fulltrúar bankans boðuðu aðila til fundar þann 28. 10.2008.

Á þeim fundi voru fjármál BBÁ rædd, þótti sýnt að þau væru í erfiðri stöðu. Fulltrúar BÁ ítrekuðu á fundinum eftir staðfestingu bankans á leigusamningum.

Fulltrúar bankans vildu ekki staðfesta samninginn og vildu skoða málið frekar. Þeir reifuðu m.a. hvort mögulegt væri að stofna eignarhaldsfélag um rekstur hússins þar sem að kæmu BÁ, ríkið og e.t.v. Nýi Glitnis-banki. Engin afstaða var tekin til þessa máls á fundinum.

Sigurður fór yfir vinnuferli það sem hann hefur átt varðandi umrætt mál.

Hann greindi frá tölvupóstum sem hann hefur sent og einnig fengið frá lögfræðingi BBÁ og fulltrúum Glitnis-banka.

Hann lagði fram bréf sem honum barst frá lögmanni BBÁ þess efnis að lagt er til af hálfu Glitnis-banka að bæjarfélagið Árborg eða BA yfirtækju 365 milljón króna lán sem BBÁ hefur tekið hjá bankanum vegna byggingar

Björgunarmiðstöðvarinnar. Bréfið var óundirritað.

Margrét las upp bréfið.

M.a. stóð í umræddu bréfi;

"Til þess að höggva á þann hnút sem málið virðist stefna í, leggur Glitnir til, að byggingin verði yfirtekin í heild sinni af bæjarfélaginu eða byggðasamlagi og endurfjármögnuð með láni til sömu aðila. Sökum reglna um eiginfjárbindingu fjármálastofnanna o.fl. er með því unnt að ná verulega niður vaxtakostnaði og leigugreiðslur standa undir verulegum hluta af greiðslubyrði lána, þó ljóst virðist að gera verði ráð fyrir hækkun leigu."

Töluverðar umræður urðu um framkomnar upplýsingar og stöðu mála í framhaldinu.

Ljóst er að með yfirtöku lána er ekki um endanlega kostnaðartölu að ræða. Eftir er að ljúka frágangi lóðar og utanhúsverkefnum, áætla má u.þ.b. 50 milljónir í það verkefni. Á húsinu hvílir virðisaukaskattskvöð upp á c.a. 90 milljónir króna. Ef stofnað yrði félag með virðisaukaskráningu sem áfram leigir húsið til BA og Hsu endurgreiðist kvöðin á 25 árum af leiguverði. Ef aðili sem ekki væri með virðisaukaskylda starfsemi eignaðist húsið gjaldfellur kvöðin og endurgreiðist til ríkisins. Útistandi skuldir til iðnaðarmanna sem hafa verið að vinna í húsinu eru á bilinu 40 – 50 milljónir. Við þetta bætist síðan kostnaður við að ljúka byggingaframkvæmdum innanhús, t.d. fundarsal og aðstöðu sem ætluð var fyrir björgunarfélag Árborgar áætla þarf til þessa verkefnis a.m.k. kr. 50 milljónir króna.

Heildarkostnað má áætla u.þ.b. 600 milljónir króna.

Samþykkt:

Fulltrúaráð Brunavarna Árnassýslu harmar að málin séu kominn í þann farveg sem nú liggur fyrir. Sá hnútur sem málið er komið í reynir á alla stjórnssýslu og ekki hvað síst á þá aðila sem horfa til þess að setja upp starfsemi í húsið.

Fulltrúaráð BA lýsir fullum stuðningi við störf formanns, framkvæmdastjóra og lögmanns í þessu máli.

Fulltrúaráðið áréttar fyrri samþykktir þess efnis að Brunavarnir Árnassýslu leigi húsnæði undir alla starfsemi sína í sýslunni.

Fulltrúaráð felur formanni og framkvæmdastjóra að vinna áfram að lausn málsins og jafnframt að fela lögmanni að senda ítrekun til forráðamanna Nýja Glitnis-banka þess efnis að bankinn staðfesti fyrirbyggjandi leigusamning.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 13.55

**Margrét K. Erlingsdóttir, Ari Björn Thorarensen, Snæbjörn Sigurðsson,
Ingvar G. Ingvarsson Margrét Sigurðardóttir, Ólafur Leifsson,
Sigurður Sigurjónsson, Snorri Baldursson og Kristján Einarsson**